

Nd.

749. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd er sammála um, að rjett sje að gera nokkra breytingu og tilfærslu á útflutningsgjaldi á vörnm þeim, er frv. þetta nær til. Hinsvegar eru

nefndarmenn ósamþykkir um breytingarnar sjálfar, og gera því grein fyrir tillögum sínum hver um sig.

Frv. gerir ráð fyrir þriðjungs lækkun á saltaðri síld, tvöföldun útflutningsgjalds af fóðurmjöli, 6-faldri hækkun á þurkuðum og hertum fiskúrgangi, en tollur á öðrum tegundum síldarafurða látinn að mestu óbreyttur.

Tveim nefndarmönnum (H. Stef., H. J.) þykir lækkunin á söltuðri síldinni of mikil. Þar sem þörf er á, vegna tekjuþarfa ríkissjóðs, að hækka ýmsa tolla allverulega, þá þykir ekki rjett samtímis að lækka svo mjög útflutningsgjaldið af síldinni, því síður sem það hefir verið lækkað um helming áður. Hinsvegar hefir verið lagður innflutningstollur á síldartönnur, og þykir meiri hl. því rjett að lækka útflutningsgjaldið nokkuð, þó svo, að síldin beri fyllilega jafnháa tolla og áður, til samræmis við aðrar hækkanir á tollum. Einn nefndarmaður (Hj. V.) áltur hinsvegar fulla ástæðu til að lækka útflutningsgjaldið af söltuðri síldinni eins og gert hefir verið í efri deild.

Hækkunina á fiskmjöli fellst meiri hl. á, og sömuleiðis hækkun á hertum fiskúrgangi, en telur þó rjett að hækka hið síðarnefnda ennþá meira. Verður gerð grein fyrir ástæðum fyrir þessu álitu meiri hl. við umræður.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. nái fram að ganga með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

- a. Fyrir »100 aura« í fyrsta málslið komi: 125 aura.
- b. Fyrir »150 aura« í öðrum málslið komi: 175 aura.
- c. Fyrir »150 aura« í síðasta málslið komi: 200 aura.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Halldór Stefánsson,
form., frsm.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskrifari,
með fyrirvara.

Hannes Jónsson.